

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Selfossi, 19. mars 2026
Tilvísun: 2602516

Efni: Svar Matvælastofnunar við athugasemdir vegna dýravelferðar og smitvarnareftirlits á eldissvæðinu Tjaldanesi í Arnarfirði

Þann 4. mars 2026 barst Matvælastofnun athugasemdir Arnarlax (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslu stofnunarinnar nr. 2638 vegna rekstrarleyfis FE-1105. Framangreind eftirlitsskýrsla er dagsett 13. febrúar og send eftirlitsþega sama dag í gegnum vefgáttina island.is. Skýrslan var rituð í kjölfar dýravelferðar og smitvarnareftirlits sem fram fór á eldissvæðinu Tjaldanesi í Arnarfirði þann 4. febrúar 2026.

Eftirlitsþegi gerði athugasemdir við tvær af þremur frávikaskráningum í framangreindri eftirlitsskýrslu.

Þann 17. mars 2026 var haldinn fundur vegna athugasemda eftirlitsþega. Fundinn sátu Jón Kolbeinn Jónsson sérgreinadýralæknir lagareldis, Vigdís Sigurðardóttir fagsviðstjóri eftirlits fiskeldisdeildar, Nancy Rut Helgadóttir sérfræðingur og Jónína Guðmundsdóttir lögfræðingur fiskeldisdeildar. Farið var efnislega yfir athugasemdir eftirlitsþega og ákvörðun tekin um afstöðu Matvælastofnunar til þeirra.

Hér verða athugasemdir eftirlitsþega rakin og afstaða Matvælastofnunar við þeim. Hagræðis vegna verður afstaða Matvælastofnunar rakin undir hverjum lið fyrir sig. Athugasemdir eftirlitsþega eru skáletruð.

1. Frestur til að koma að athugasemdirum

Í athugasemdirum eftirlitsþega kemur fram að hann geri ráð fyrir því að frestur til að koma að athugasemdirum sé 14 virkir dagar og því sé enn hægt að koma að athugasemdirum varðandi eftirlitsskýrsluna.

Matvælastofnun bendir á frestur til að koma að athugasemdirum við eftirlitsskýrslur er 14 dagar frá dagsetningu skýrslunnar, ekki 14 virkir dagar eins og eftirlitsþegi gerir ráð fyrir. Í eftirlitsskýrslum Matvælastofnunar kemur framangreint skýrt fram. Sá dagur sem eftirlitsskýrslan er send telst ekki með í frestinum, sbr. 1. mgr. 8. gr. stjórnáætlun nr. 37/1993.

Umrædd eftirlitsskýrsla var eins og fyrr segir send eftirlitsþega þann 13. febrúar 2026 og frestur til að koma að athugasemdirum vegna eftirlitsskýrslunnar rann því út 28. febrúar 2026. Athugasemdir eftirlitsþega bárust því eftir að frestur til að koma að athugasemdirum að í málinu var liðinn. Matvælastofnun hefur þó engu að síður ákveðið að svara athugasemdirum eftirlitsþega en bendir eftirlitsþega á að gæta þess að athugasemdir berist innan uppgefna tímamarka. Ekki sé hægt að gera ráð fyrir að tekin verði afstaða til þeirra berist þær utan tímamarka.

2. Þrif í búningsherbergjum.

Í eftirlitsskýrslu var skráð frávik þar sem ekki var hægt að sýna eftirlitsmönnum þrifaskráningu á búningsaðstöðu til þess að geta staðfest að þrifaaætlun sé fylgt eftir. Beiðni um að sjá umrædd gögn var ítrekuð í tölvupósti til eftirlitsþega 11. febrúar 2026.

Í athugasemdirum eftirlitsþega kemur eftirfarandi fram: „ég sendi þér póst þann 18. febrúar, sjá viðhengi, varðandi það hvernig þeim er háttað. Eg er yfirmaður starfsmanna í daglegum ræstingum svo ég get staðfest að þrif séu gerð skv. plani í búningsherbergjum.“

Matvælastofnun bendir á að sá tölvupóstur sem eftirlitsþegi vísar til og sendur var stofnuninni þann 18. febrúar var sendur eftir að eftirlitsþegi hafði fengið eftirlitsskýrsluna senda til sín. Stofnuninni bárust því ekki umrædd gögn þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir áður en eftirlitsskýrslan var send. Matvælastofnun telur því skráningu fráviksins réttmæta þar sem eftirlitsþegi hefði átta að geta framvísað þrifaskráningum á staðnum. Matvælastofnun fellst því ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

Í þeim tölvupósti sem eftirlitsþegi vísar til í athugasemdum sínum kemur fram þrif í búningaáðstöðu væru framkvæmdar af starfsfólki í daglegum ræstingum skv. föstu vikulegu plani og þau væru ekki skráð nema í tímakerfi eftirlitsþega. Starfsmaður eftirlitsþega sem skrifar athugasemdirnar segist vera yfirmaður starfsmanna í daglegum ræstingum og geti staðfest að þrif í búningsherbergjum séu gerð skv. plani. Matvælastofnun bendir á að eftirlitsþegi verði að hafa til staðar staðfestar skráningar á hvenær þrif eiga sér stað til þess að geta fært sönnur á að þrif séu fullnægjandi framkvæmd þannig að hægt sé bæði að rekja þegar misbrestur er á þrifum sem og staðfesta með innra eftirliti sem eftirlitsþega ber að framkvæma, sbr. 47. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020. Það að yfirmaður starfsmanna í daglegum ræstingum staðfesti munnlega að þrif séu gerð er ófullnægjandi að mati Matvælastofnunar og stofnunin beinir þeim tilmælum til eftirlitsþega að skrá þrif á búningaáðstöðu með fullnægjandi hætti.

3. Viðbragðsáætlun um tilkynningarskylda sjúkdóma

Í eftirlitsskýrslu var skráð frávik þar sem ekki var hægt að sýna eftirlitsmönnum viðbragðsáætlun eða verklagsreglu varðar tilkynningarskylda sjúkdóma. Eftirlitsmenn fengu að sjá heilbrigðisáætlun dýralækna ásamt viðbragðsáætlun vegna massadauða en hvorugt þeirra skjala telst sem beint viðbragð komi upp tilkynningarskyldur sjúkdómur. Samkvæmt 5. grein laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 ber eftirlitsþega að hafa verklag eða viðbragðsáætlun sem tekur á því hvernig eftirlitsþegi bregst við þeim áðstæðum ef tilkynningarskyldur sjúkdómur komi upp á eldissvæðinu.

Í athugasemdum eftirlitsþega kemur eftirfarandi fram: „Varðandi viðbragðsáætlun varðandi tilkynningarskylda sjúkdóma þá kemur fram hvert beina viðbragðið okkar er í viðbragðsáætlun um sjúkdóma og massadauða. Nú var ég ekki með í eftirliti svo ég veit ekki hvaða skjal ykkur var sýnt. Sjá viðbragðsáætlun í viðhengi og klippu úr henni.“


Matvælastofnun hefur ákveðið að fella skráningu á frávikum í eftirlitsskýrslunni hvað varðar þetta atriði niður. Tilvísun til lagaákvæðis í eftirlitsskýrslunni er ófullnægjandi og stofnunin telur ekki rétt að gera kröfur um að umrædd verklagsregla þurfi að vera til staðar um borð í þjónustubát. Eftirlitsskýrslan verður því leiðrétt og frávikid fellt niður.

Matvælastofnun bendir eftirlitsþega á að reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitsjúkdóma í dýrum (Animal Health Law) hefur verið innleidd í íslenska rétt á grundvelli laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993. Af ákvæðum reglugerðarinnar, einkum 10., 18. og 24. gr., má leiða að rekstrarleyfishafar verða að hafa fyrir fram skilgreint verklag til að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt reglugerðinni hvað varðar tilkynningarskylda sjúkdóma. Í ljósi framangreinds gerir Matvælastofnun þær kröfur að rekstrarleyfishafar hafi til staðar verklagsreglu vegna tilkynningarskyldra sjúkdóma.

Í athugasemdum eftirlitsþega er vísað til viðbragðsáætlunar um sjúkdóma og massadauða. Matvælastofnun telur þá viðbragðsáætlun ekki tilgreina alla þá þætti sem viðbragðsáætlun um tilkynningarskylda sjúkdóma þarf að ná yfir og því geti hún ekki uppfyllt kröfur um að teljast fullnægjandi. Stofnunin beinir þeim tilmælum til eftirlitsþega að útbúa og hafa til staðar næst þegar eftirlit fer fram verklagsreglu um tilkynningarskylda sjúkdóma.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar Matvælastofnunar athugasemdir eftirlitsþega er ljóst að stofnunin tekur athugasemdir Arnarlax við eftirlitsskýrslu stofnunarinnar nr. 2638 vegna rekstrarleyfis FE-1105 dagsettri 13. febrúar 2026 hvað varðar þrifaskráningar ekki til greina. Matvælastofnun hefur tekið ákvörðun um að fella niður frávík úr framangreindri eftirlitsskýrslu hvað varðar viðbragðsáætlun vegna tilkynningarskyldra sjúkdóma og mun breyta eftirlitsskýrslunni því til samræmis.

**Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar**



Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur